

UMHVERFISSTEFNA

Í umhverfisstefnu Ljósmyndaskólans er markmiðið að lágmarka vistsporið sem starfsemi skólans veldur, að vekja nemendur, kennara og starfsfólk til umhugsunar um áhrif manns á umhverfið og tengsl lífríkisins alls.

Skólinn er lítill og viðfangsefni hans sérhæfð en stefnt er að því að leggja þau lóð á vogarskálarnar til umhverfisverndar sem möguleg eru. Stjórnendur skólans hafa einsett sér að flétta sjónarmið umhverfisverndar inn í sérhverja ákvörðun sem tekin er og að hafa að leiðarljósi að fara vel með verðmæti, að endurnýta, láta gera við, flokka og að sprorna við sóun.

Ljósmyndun er grein sem í grunninn byggir á tækni ýmiskonar og gildir einu hvort um er að ræða stafræna umhverfið eða vinnu með filmur. Reglulega er búnaður skólans endurnýjaður eða uppfærður og haft í huga að vistspor vegna þess sé sem minnst. Kappkostað er að rafdrifin búnaður sé endurhlaðanlegur eða gangi fyrir endurhlaðanlegum rafhlöðum eins og hægt er. Það er stefna skólans að lengja líftíma alls búnaðar eins og mögulegt er og að gera við/láta lagfæra bilaðan búnað sé þess nokkur kostur.

Sorpflokkunartunnur eru aðgengilegar í skólahúsnæðinu og þar hægt að flokka plast, pappír og spilliefni eins og prenthylki. Umbúðir með skilagjaldi eru flokkaðar sér.

Í námi við skólann nota nemendur efni sem umgangast þarf með gát en þess er vandlega gætt að efnaúrgangi frá verkstæðum skólans sé fargað með viðeigandi hætti. Nemendur eru ávallt hvattir til að nýta hráefni vel og endurnýta eins og unnt er.

Skólinn er eini sinnar tegundar á Íslandi og hægt að færa rök fyrir því að í starfsemi hans og námsframboði endurspeglar umhverfisstefna því sambærilegt nám þyrfti að öðrum kosti að sækja til útlanda.

Umhverfisstefna skólans birtist í skólagjöldum en innifalið í þeim er tiltekinn efniskostnaður t.d. kostnaður við prentun sem hvetur nemendur til að velta fyrir sér nokun og endurýtingu.

Umhverfisstefna er tekin til endurskoðunar á hverju skólaári á skólafundi skólans. Þátttaka nemenda í mótun umhverfisstefnu er mikilvæg og liður í að vekja til umhugsunar um brýnt málefni og mikilvægi þess að leggja lóð á vogarskálarnar og gera það sem hægt er.